

**Fundargerð 389. fundar  
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 2. september, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B. Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri  
Jóhanna Traustadóttir, ritari

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Félagsstjórnarfundur 9. sept. – undirbúningur/tæknimál
4. Fulltrúabing 10. sept. - skipulag fundar og fundargögn.
  1. Ársreikningar
  2. Ársskýrsla
  3. Ályktanir
    - b) Fagháskólanám
    - c) Fagráð
    - d) Forgangsréttur
    - e) Mönnunarstefna
    - f) Kjaramál SFV?
5. Skipan í stjórn Starfmenntasjóðs
6. Kjaraviðræður við SFV o.fl. stofnanir
7. Þátttaka fulltrúa SLFÍ á fundum vegna styttingar vinnuvikunnar
8. Beiðni um tilfærslu sjúkraliða á milli deilda
9. Umfjöllun á samfélagsmiðlum – siðareglur sjúkraliða
10. Fagmenntun á háskólastigi fyrir sjúkraliða – framvinda málsins
11. Tímalínu til glöggvunar á gildistíma ákvæða kjarasamninga og bókana
12. Endurgreiðslur á flugmiðum eða „flugkort“(inneign)
13. Þjónustukönnun á starfsemi félagsins
14. Formannsskipti hjá Suðurnesjadeild
15. Orlofsmál
16. Sjúkraliðinn – blað félagsins

Önnur mál

## Fundargerð

### 1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn sérstaklega velkomna til fundar eftir gott sumarfrí.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritar SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.

### 3. Félagsstjórnarfundur 9. sept. – undirbúningur/tæknimál

SBF fór yfir að fundur félagsstjórnar verði á netinu/rafrænn og fór einnig yfir helstu dagskrárliði fundarins. Tryggja verður að öll tæknimál verði klár, þ.e. tölvur og tölvutengingar hjá öllum þátttakendum. Rætt var um að framkvæmdastjórn mæti til fundar, en aðrir ekki. Starfsmenn APmedia munu aðstoða við undirbúning tæknimála.

### 4. Fulltrúaping SLFÍ 10. sept. – skipulag þings og fundargögn

SBF gerði grein fyrir að öll gögn væru klár og komin til þingfulltrúa, dagskrá liggur fyrir og tillögur um starfsmenn þingsins. Þingið verður rafrænt og ráðgert er að keyra þingfund í upphafi næstu viku með dyggri aðstoð starfsmanna APmedia. Spurningaforrit verður sent á kjörgenga þingfulltrúa, en gert er ráð fyrir að þingið fari fram í zoom – tæknibúnaði/forriti. Farið var yfir ársreikningana með félagskjörnum endurskoðanda og ýmsir liðir ræddir, en án athugasemda. Rætt var um tillögur gjaldkera um félagsgjöld og hámarksgreiðslur. Framkvæmdastjórn styður tillögu gjaldkera og verður hún lögð fyrir félagsstjórn. Einnig var farið yfir fjárhagsáætlun og var hún samþykkt.

### 5. Skipan í stjórn Starfsmenntasjóðs

SBF ræddi skipan í stjórn Starfsmenntasjóðs, sem skipað var í á síðasta þingi félagsins. Fram kom að í reglum sjóðsins kemur skýrt fram hverjir eru í stjórn sjóðsins, en það er framkvæmdastjórn og forsvarsmaður fræðslumála félagsins.

### 6. Kjaraviðræður við SFV o.fl. stofnanir

SBF fór yfir að illa gengi að ná samningum við samninganefnd SFV. Fram kom að kjaramálanefnd SLFÍ krefðist þess að gengið yrði frá í bókun að stofnanasamningurinn uppfærðist í maí 2021 þannig að í honum væri tryggt að byrjunarlaun sjúkraliða verði hærri en byrjunarlaun félagsliða. Næsti fundur er 3. september. SBF fór yfir að langlundageð sjúkraliða og fulltrúa í kjaramálanefnd væri að breyta og huga þyrfti að næstu skrefum.

### 7. Þátttaka fulltrúa SLFÍ á fundum vegna styttingar vinnuvikunnar

SBF fór yfir mikilvægi þess að finna góða fulltrúa frá SLFÍ í vinnuhóp sem vinnur að innleiðingu styttingar vinnuvikunnar. Málið rætt og fram kom hjá SBF að ákveðnir aðilar væru búnir að bjóða fram krafta sína. Fram kom að fleiri þyrftu að koma inn í vinnuhópinn frá SLFÍ. Rætt var um að æskilegt væri að kjaramálanefnd, framkvæmdastjórn og félagsstjórn SLFÍ tækju þátt í þessari vinnu. SBF sagði frá að verið væri að vinna leiðbeiningar um þau atriði sem breytast við innleiðingu styttingar vinnuvikunnar.

## **8. Beiðni um tilfærslu sjúkraliða á milli svæðisdeilda**

SBF fór yfir að sjúkraliðar frá Hvammstanga hafi óskað eftir að vera fluttir aftur í Norðurlandsdeild vestri úr Vesturlandsdeildinni. Málið rætt og ákveðið að það verði skoðað nánar og ákvörðun tekin um hvort staðan sé sú að allir sjúkraliðarnir á Hvammstanga vilji færa sig á milli og í framhaldi af því verði ákvörðun tekin.

## **9. Umfjöllun á samfélagsmiðlum – siðareglur sjúkraliða**

SBF fór yfir umfjöllun sem var á samfélagsmiðli þ.s. fram komu meiðandi ummæli um einstaklings sem slasaðist alvarlega. Málið rætt í sambandi við siðareglur sjúkraliða og þá ábyrgð sem fylgir því að vera sjúkraliði/löggiltur heilbrigðisstarfsmaður.

## **10. Fagmenntun á háskólastigi fyrir sjúkraliða – framvinda málsins**

SBF fór yfir að mjög vel gengi að undirbúa komandi fagháskólanám sjúkraliða og undirbúningsnám. Mikil samstaða og áhugi er meðal fulltrúa í vinnuhópnum, en í honum eru 6 fulltrúar, 3 frá HA, einn frá MA, tveir frá SLFÍ og einn frá atvinnulífínu. Búið er að vinna námsskeiðslýsingar fyrir ákveðin námskeið. Ákveðin vinna þarf að vera klár fyrir mánaðamótin október – nóvember. Reiknað er með að 20 nemendur verði teknir inn í upphafi. Könnun er í gangi varðandi áhuga á náminu.

## **11. Tímalína til glöggvunar á gildistíma ákvæða kjarasamninga og bókana.**

Farið var yfir að vinna áfram þau drög að tímalínu sem sett voru upp í vor. Á tímalínunni þarf að vera hægt að glöggva sig á helstu áföngum, bæði launahækkunum, breytingum á vinnutíma og tímasetningum á bókunum. Fram kom hugmynd um að þegar bendillinn væri færður yfir ákveðnar dagsetning á tímalínunni þá opnaðist gluggi sem skýrði í stuttu máli hvað breytingar yrðu á þessum tímapi.

## **12. Endurgreiðslur á flugmiðum eða „flugkort“ (inneign)**

SBF fór yfir að þau flugför sem greidd voru í vor vegna EPN þingsins, sem síðan var aflýst fáist endurgreidd eða sem inneign. Málið rætt og ákveðið að kanna hvort mögulegt sé að fá endurgreitt í gegnum kortafyrirtækið. SBF kannar málið.

## **13. Þjónustukönnun á starfsemi félagsins**

SBF fór yfir að áhugi væri fyrir að gera þjónustukönnun með sambærilegum hætti og gerð var 2013. Málið rætt og allir sammála um að könnunin verði gerð þegar allir kjarasamningar eru komnir í hús.

## **14. Orlofsmál**

GÖG gerði grein fyrir stöðu orlofsmála og helstu áherslum stjórnar orlofssjóðs.

## **15. Blað félagsins – Sjúkraliðinn**

GÖG fór yfir stöðu októberblaðsins og óskaði eftir hugmyndum varðandi efnistöð.

### **Önnur mál**

- Gjaldkeri lagði til að greiðslur fyrir fundarsetu í framkvæmda- og félagsstjórn væru uppfærðar samkvæmt launaþróun sjúkraliða. Málið rætt og tillagan samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.50